

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðurámtinu og Austurámtinu um flutning þingstaðar Fellahrepps. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 14. f. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellahreppi í Norðurmúlasýslu, vil jeg hjermed veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur að Meðalnesi með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að tilverði hæfilegt húsnæði til þinghalds á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannanna beggja um skrásetning- 124
arstofu fyrir kaupmála hjóna, Samkvæmt 9. gr. í lögum 12. janúar 29. nóvbr. 1900 um fjármál hjóna hefi jeg kveðið svo á um, að á afgreiðslustofu minni skuli haldin skrá yfir alla kaupmála hjóna, sem þinglesnir eru.

Því skal jeg beiðast þess að þjer, herra amtmaður, leggið fyrir sýslumenn og bæjarfógeta í ömtum yðar, að senda skrifstofu þessari skýrslur um kaupmála hjóna eptir því sem nefnd lagagrein segir fyrir um, nú þegar um kaupmála þá, er þinglesnir hafa verið eptir að nefnd lög komu í gildi.

Brjef landshöfðingja til biskups um niðurlagning Kaldadarnes- 125
neskirkju. — Eptir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 9. þ. m., hefi jeg samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880, um skipun prestakalla og að yðar ráði staðfest þá ákvörðun hlutadeigandi safnaðar, er hjeradsfundur Árnesprófastsdæmis hefir samþykkt, að Kaldadarneskirkja verði lögð niður, þannig að sjóður kirkjunnar og kirkjuhúsið með ornamentis og instrumentis leggist til Eyrarbakka og Stokkseyrarkirkna, en Kaldadarnessókn skiptist þannig, að til Eyrarbakkasóknar leggist bæirnir Kotferja, Kaldadarnes með hjáleigum, Kálfhagi og Flóagafi með hjáleigum, en til Stokkseyrarsóknar leggist Stóra Sandvík með hjáleigunni Stekkjum, Litla Sandvík og Eyðisandvík með hjáleigunni Geirakoti.

Þrátt fyrir niðurlagning kirkjunnar er óskertur rjettur prestsins í Stokkseyrarprestakalli til prestsmötu af Kaldadarnesi.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.